



Nr	Matsþættir Að hve miklu leyti á eftirfarandi við um þína umsókn?	Vægi
1	Lýsing á verkefninu er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist.	15%
2	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkbættir og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast.	10%
3	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir.	10%
4	Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sóknaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum markmiðum Sóknaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er mjög líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif .	30%
5	Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	10%
6a	Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vörum eða þjónustu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á landsvísu.	10%
7a	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með verulegum afleiddum áhrifum. Miklar líkur á að því fylgi fjölgun starfa, aukin fagmennska og fjölbreytni í störfum.	15%



Nr	Matsþættir	Vægi	4 stig	3 stig	2 stig	1 stig	0 stig
1	Lýsing á verkefninu	15%	Lýsing á verkefninu er skýr og greinargóð. Markmið og afurð verkefnis eru ljós. Við lestur umsóknar er skýrt hver væntur árangur verkefnis er og miklar líkur á að hann náist.	Lýsing á verkefninu er nokkuð góð. Markmið og afurð verkefnisins eru nokkuð ljós. Fram kemur hver væntanlegur árangur verkefnis er og nokkuð góðar líkur á að hann náist.	Lýsing á verkefninu er ásættanleg. Lýsing á markmiðum og afurð verkefnis er til staðar en mætti vera skýrari. Væntanlegur árangur mætti vera betur skilgreindur.	Lýsingu á verkefninu er ábótavant. Markmið og afurð verkefnis eru ekki nægilega skilgreind. Væntur árangur er óljós eða ótrúverðugur og takmarkaðar líkur á að hann náist.	Lýsing á verkefninu er ófullnægjandi. Markmið og afurð eru lítt eða illa skilgreind. Óljóst er hvers er vænst af verkefninu og það ólíklegt til að verða að veruleika eða skila árangri.
2	Verk- og tímaáætlun	10%	Verk- og tímaáætlun er vel ígrunduð og skýr. Verkefni og vörður eru vel skilgreindar. Tímaáætlun er trúverðug, tekur á áskorunum sem upp geta komið og er mjög líkleg til að standast.	Verk- og tímaáætlun er ígrunduð og fremur skýr. Verkefni og vörður eru skilgreindar. Tímaáætlun raunsæ og hugað er að áskorunum sem upp geta komið.	Verk- og tímaáætlun er ásættanleg. Verkefni og vörður er til staðar en mætti vera skýrar og betur skilgreint. Tímaáætlun í lagi en tekur ekki á áskorunum sem geta komið upp.	Verk- og tímaáætlun er gróf og frekar óljós. Ólíklegt að verkefnið vinnist og klárast samkvæmt áætlun.	Verk- og tímaáætlun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.
3	Kostnaðaráætlun	10%	Kostnaðaráætlun er skýr, vel sundurliðuð og trúverðug. Fjármögnun er til staðar eða mjög líkleg til að ganga eftir.	Kostnaðaráætlun er nokkuð skýr og fjármögnun trúverðug.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun er ásættanleg en mætti vera betur unnin.	Kostnaðaráætlun og fjármögnun eru mjög grófar og vantar því upp á trúverðugleika.	Kostnaðaráætlun/fjármögnun er ófullnægjandi. Upplýsingar vantar.
4	Tengsl við Sónnaráætlun	30%	Verkefnið styður mjög vel við framtíðarsýn Sónnaráætlunar. Afurð þess færir okkur nær tilgreindum markmiðum Sónnaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn á samfærandi hátt. Verkefnið er mjög líklegt til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif.	Verkefnið styður við framtíðarsýn Sónnaráætlunar. Afurð þess er líkleg til að þjóna markmiðum Sónnaráætlunar sem gert er grein fyrir í umsókn. Góðar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu.	Verkefnið styður að nokkru leyti við framtíðarsýn Sónnaráætlunar. Afurð þess samræmist markmiðum Sónnaráætlunar sem getið er í umsókn. Nokkrar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu.	Óljóst er hvernig verkefnið færir okkur nær markmiðum Sónnaráætlunar, en einhverjar líkur eru á jákvæðum samfélagsleg áhrifum af verkefninu a.m.k. í nærsamfélagi.	Verkefnið fellur ekki að markmiðum eða framtíðarsýn Sónnaráætlunar.
5	Samstarf	10%	Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og mjög líklegt til að hafa jákvæð áhrif. Verkefnið stuðlar að mikilvægum tengslum sem leitt geta til ávinnings fyrir alla aðila.	Hlutverk samstarfsaðila er vel skilgreint og verkefnið er líklegt til þess að skapa tengsl og jákvæð samlegðar áhrif.	Samstarf er lítilega skilgreint og kann að hafa jákvæð áhrif.	Samstarf er óverulegt og lítt skilgreint.	Samstarf er ekki fyrir hendi í verkefninu.
6a	Nýnæmi	10%	Mikið nýnæmi felst í verkefninu. Þróun á áður óþekktum aðferðum, vörum eða þjónustu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á landsvísu.	Verulegt nýnæmi felst í verkefninu. Mætir nýrri eða áður óleystri þörf á svæðinu eða í landshlutanum.	Nokkurt nýnæmi felst í verkefninu, einkum ef horft er til nærumhverfis.	Lítið nýnæmi felst í verkefninu en þó eitthvert. Minni háttar viðbót við það sem fyrir er í nærumhverfi.	Ekkert nýnæmi felst í verkefninu. Vara eða þjónusta þekkt í nærumhverfi.
7a	Atvinnusköpun	15%	Verkefnið stuðlar að atvinnusköpun til lengri tíma með verulegum afleiddum áhrifum. Miklar líkur á að því fylgi fjölgun starfa, aukin fagmennska og fjölbreytni í störfum.	Líkur eru á verkefnið stuðli að atvinnusköpun til lengri tíma með töluverðum afleiddum áhrifum. Líkur eru á að því fylgi aukin fagmennsku og/eða fjölbreytni í störfum.	Verkefnið skapar einhver tímabundin störf og nokkrar líkur eru á afleiddum áhrifum. Því kann að fylgja nokkur aukin fjölbreytni í störfum.	Lítill en einhver atvinnusköpun fylgir verkefninu, en takmarkaðar líkur á afleiddum áhrifum nema tímabundið.	Óljóst hvernig verkefnið er atvinnusköpun og engin atvinnusköpun til framtíðar.

Ef umsókn fær 0 stig fyrir einhverjum af þremur fyrstu liðunum (rauðmerktir) telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.